

1 Lestu textann og svaraðu spurningunum

Ég heiti Hildur og ég er fimmtán ára gömul. Ég bý í Kópavogi sem er bæjarfélag nálægt Reykjavík. Ég bý með pabba mínum og ömmu og tveimur bræðrum í gulri blokk sem er ekki langt frá Smáralind. Pabbi minn heitir Baldur og er smiður. Bræður mínir heita Emil og Guðmundur og eru átján og tíu ára.

Emil ætlar að verða flugmaður og er byrjaður að læra að fljúga. Ég vona að hann fari einhvern tíma með mig í flugferð. Guðmundur er alltaf kallaður Gummi, nema þegar hann er óþekkur. Hann er oftast úti í garði að æfa sig í fótbolta og dreymir um að verða atvinnumaður þegar hann verður stór. Ef það gengur ekki ætlar Gummi að verða smiður eins og pabbi.

Mamma okkar heitir Lísa, hún býr í Svíþjóð með yngsta bróður mínum, Þór, sem er fimm ára. Hún er að læra að verða tannlæknir. Hún á tvö ár eftir af náminu og svo kemur hún aftur heim til okkar.

Amma mín hefur búið hjá okkur síðan ég var lítil. Áður en hún flutti til okkar var hún bóndi í sveit og átti fullt af dýrum, t.d. kindur, hesta, kýr og hænur. Núna á hún bara tvo ketti og fullt af blómum. Hún er líka með gróðurhús á svölunum þar sem hún ræktar tómata og gúrkur handa okkur.

Núna er kominn maí og ég er að klára tíunda bekk. Á morgun fer ég í síðasta prófið í skólanum og svo útskrifast ég úr grunnskóla í næstu viku. Í haust fer ég í framhaldsskóla. Ég hef verið með sömu krökkunum í bekk síðan í fyrsta bekk, svo það verður skrítið að byrja í nýjum skóla og kynnst nýju fólki. Ég er hrædd um að það verði erfitt að eignast nýja vini en sem betur fer ætlar Elín vinkona mín að fara í sama skóla og ég. Ég vona að við lendum í sama bekk.

Ég og Elín höfum þekkt síðan við vorum átta ára. Þá flutti hún frá Egilsstöðum og í sömu blokk og ég bý í. Fyrst var hún mjög feimin en svo fórum við að leika okkur saman. Núna erum við báðar að æfa körfubolta með HK og við erum líka að læra á hljóðfæri. Ég spila á gítar en hún á píanó og við höfum stundum spilað saman á tónleikum í skólanum.

Ég hlakka mjög mikið til sumarsins og ætla að gera rosalega margt skemmtilegt. Í næsta mánuði á ég afmæli. Þá ætla ég að fara í sumarbústað með Elínu og tveimur öðrum vinkonum okkar. Við ætlum að gista þar í tvær nætur, grilla og fara í heita pottinn. Við ætlum líka að horfa á nokkrar gamanmyndir og hlusta á tónlist og dansa. Það verður gaman að geta slappað af með þeim.

Í ágúst ætlum ég og Gummi að fara í heimsókn til mömmu og Þórs í Svíþjóð. Ég hef ekki séð þau síðan um jólin svo það verður mjög gaman að hitta þau aftur. Ég á að passa Gumma og Þór á meðan mamma verður í prófum. Ég er þínuhrædd um að eiga erfitt með að skilja Þór, því að hann talar víst bara sænsku núna. Ég vona að veðrið verði gott svo við getum farið oft á ströndina og leikið okkur úti í garði. Þegar mamma verður komin í frí ætla pabbi og Emil að koma til okkar og vera í nokkra daga. Svo fer öll fjölskyldan saman í frí til Danmerkur.

Hildur

- á heima í Reykjavík
- býr með foreldrum sínum og bræðrum
- býr í Smáralind
- á þrjú systkini

Hvað er rétt?

- Hildur er elst af systkinunum
- Gummi er alltaf óþekkur
- Gumma langar til að verða íþróttamaður
- Emil er tíu ára

Mamma Hildar

- er tannlæknir
- býr í gulri blokk
- ætlar ekki að flytja aftur til Íslands
- er í námi

Amma Hildar

- er nýflutt úr sveitinni
- er bóndi í sveit
- ræktar tómata til að selja öðrum
- á tvö gæludýr

Hvað er rétt?

- Hildi langar að fljúga með Emil
- Baldur á fimm börn
- Amma á kindur og hænur
- Gummi er smiður

Hildur

- heldur áfram í sama skóla í haust
- hefur verið í tíu ár í skóla
- er í framhaldsskóla
- á marga nýja vini

Elín

- spilar á gítar
- á enga vini
- býr á Egilsstöðum
- spilar körfubolta

Hildur og Elín

- ætla að fara í sama framhaldsskóla
- hafa þekkt í átta ár
- eru saman í hljómsveit
- eru leikarar

Hildur

- heldur upp á afmælið sitt með tveimur vinkonum sínum
- ætlar að fara á ball og dansa þar
- á afmæli í september
- verður 16 ára í júní

Hildur og vinkonur hennar ætla að

- horfa á bíómyndir
- vera í sumarbústað í viku
- fara í sund
- grilla í potti

Hildur

- er hrædd um að geta ekki passað Þór
- skilur ekki mikið í sænsku
- hefur verið í Svíþjóð síðan um jólin
- vill helst vera inni þegar hún passar

Hvað er rétt?

- Fjölskyldan ætlar að flytja til Danmerkur
- Mamma Hildar þarf að taka próf
- Hildur á að passa alla bræður sína
- Þór er sænskur

Maximum marks: 25

2 Hlustaðu á eftirfarandi hljóðskrá og svaraðu spurningunum.



Hvað er rétt um Ingu Helgadóttur?

- Inga er alin upp í Rússlandi en fór alltaf á sumrin til Þýskalands
- Inga er fædd árið 1959 og alin upp á Akureyri hjá afa sínum og ömmu
- Inga er 62 ára, fædd í Rússlandi en alin upp bæði í Rússlandi og Þýskalandi
- Inga er nýorðin 62 ára og er fædd í Rússlandi en ólst upp á Íslandi frá eins árs aldri

Hvernig fannst Ingu að vera barn í Rússlandi, Þýskalandi og á Íslandi?

- Ingu fannst enginn munur á að vera barn í þessum þremur löndum
- Ingu fannst hún vera frjálust á Íslandi þegar hún var barn
- Ingu fannst mikill munur á að vera barn í Moskvu og barn í Þýskalandi
- Ingu fannst langbest að vera barn í stórborgunum

Hvað er rétt?

- Inga á eina systur sem býr á Akureyri
- Inga er einkabarn en langaði að eignast systkini
- Inga á frænku sem er líka systir hennar
- Inga á engin systkini og var mjög fegin því

Af hverju flutti Inga til Íslands þegar hún var 16 ára gömul?

- Af því að hún vildi vera með foreldrum sínum þegar þau fluttu frá Þýskalandi
- Af því að hún vildi frekar búa á Íslandi og fara í skóla hér
- Af því að foreldrar hennar vildu að hún færi í menntaskóla hér
- Af því að hún gat verið á tónlistarbraut í Menntaskólanum við Hamrahlíð

Hvaða þjóðerni finnst Ingu hún tilheyra mest?

- þýsku
- dönsku
- íslensku
- rússnesku

Hvar bjó hún þegar hún flutti til Íslands 16 ára gömul?

- Hún bjó hjá afa sínum og ömmu á Akureyri
- Hún bjó hjá foreldrum sínum á Akureyri
- Hún bjó hjá frænku sinni í Reykjavík
- Hún bjó hjá afa sínum og ömmu í Reykjavík

Af hverju bjó Inga í Danmörku í fimm ár?

- Af því að maðurinn hennar vildi flytja aftur þangað
- Af því að hún var að læra hjúkrunarfræði þar
- Af því að hana langaði til að læra dönsku
- Af því að dætur hennar vildu fara í menntaskóla þar

Hvað er sameiginlegt með Ingu og manninum hennar fyrrverandi

- Þau ólust bæði upp á Íslandi
- Þau voru bæði í menntaskóla í Danmörku
- Þau eiga bæði tvær systur
- Þau eiga bæði íslenskan föður

Hvað er rétt um fjölskyldu Ingu?

- Hún er gift dönskum manni og á tvær stelpur
- Hún er gift Íslendingi og á tvíbura og einn son
- Hún er fráskilin og á tvær dætur og einn son
- Hún er fráskilin og á tvær dætur og þrjú barnabörn

Hvað gerir Inga?

- Inga er að læra hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands
- Inga er að læra ensku við Háskóla Íslands
- Inga er heimavinnandi og passar barnabörnin sín
- Inga er í 100% vinnu á hjúkrunarheimilinu Grund

Maximum marks: 25

3 Skrifaðu rétt form af lýsingaorðinu í frumstigi.

Hann keypti (**svartur**) kápu fyrir konuna sína.

Þarna eru (**bleikur**) fílar!

Ég hata of (**heitur**) kakó.

Maximum marks: 2.1

4 Veldu rétt form af lýsingarorðinu sem vantar.

Í landinu mínu eru klettarnir mjög _____

- hár
- hærrí
- háir
- hæstir

Það er miklu _____ á Íslandi en á Filippseyjum.

- kaldara
- kaldast
- kalt
- kaldir

Kínverjar eru lang- _____ þjóð í öllum heiminum.

- stórir
- stærsta
- stærri
- stór

_____ tindur í heimi heitir Mount Everest.

- Háir
- Hæsti
- Hátt
- Hærri

Maximum marks: 4

5 Skrifðu rétt form af fornafninu.

(ég) vantar meira kaffi.

Ætlið þið ekkert að hjálpa (við)?

(hann) bregður alltaf þegar barnið grætur.

Þið fóruð saman til læknis af því að (þið) var svo illt í maganum.

(hún) finnst gott að búa í Kópavogi.

(hann) dreymir um að verða frægasti gítarleikari í heimi.

Maximum marks: 4.2

6 Skrifaðu rétt form af sögninni í þátíð.

Ég (**drekka**) alltof mikið kaffi í gærkvöldi.

Þú (**gleyma**) að senda mér númerið þitt.

(**vilja**) þið ekki borða hjá ömmu ykkar?

Maximum marks: 2.1

7 Skrifaðu rétt form af sögninni.

Ég hef alltaf (**hringja**) í foreldra mína fyrir svefninn.

Hvenær hefur þú (**reyna**) að mæta á réttum tíma?

Hefur þú einhvern tímann (**keyra**) jeppa?

Maximum marks: 2.1

8 Skrifaðu rétt form af nafnorðinu, án greinis.

Hún er frá (**Holland**).

Jón er í góðri (**vinna**).

Ég elska pítsu með (**sveppir**).

Mamma pantar alltaf burrito með (**hakk**).

Hvað er maður lengi að keyra til (Indland)?

Af hverju borðar þú ekki pylsu með hráum (**laukur**)?

Maximum marks: 4.2

9 Skrifaðu rétt fornafn.

Dæmi: Ég á hundinn. Þetta er hundurinn _____.
> Þetta er hundurinn minn.

Jón á systur. Þetta er systir Jóns.

Ég á þennan bjór. Láttu bjórinn í friði!

Þetta er kötturinn hennar Jónu. Jóna elskar köttinn .

Maximum marks: 2.1

10 Skriðu rétt form af nafnorðinu, í eintölu, með greini.

Af hverju borðar þú ekki (**pylsan**)?

Hver eldaði (**fiskurinn**)?

Viltu ekki byrja á því að hita (**grauturinn**)?

Maximum marks: 2.1

11 Skriðu rétt form af sögninni í nútíð.

Þær (**tala**) ensku á barnum.

Gamla fólkid (**skilja**) ekki ensku.

Við (**keyra**) aldrei í Reykjavík.

Maximum marks: 2.1

12 Veldu orðin, sem vantar í eyðurnar, úr þessum lista. Dragðu orðið í rétta eyðu. ATH: þú færð -1 stig fyrir hvert rangt svar.

 Help

Hingað	ánægð	rosalega	fjör	stutt	fyrri
gista	smiði	ævina	frábært	sveitinni	fædd
baka	gamlan				

Ég heiti Edda og er nýorðin sjötug. Mestalla hef ég búið í Hafnarfirði en í fyrri ákvað ég að það væri tími til að flytja. Ég keypti mér bóndabæ á Vatnsnesi, frá Hvammstanga, en ég er og uppalin á þessum slóðum. Í júní í flutti ég svo norður með með öll dýrin mín, hund, tvo ketti, tuttugu hænur og fjórar kanínur. Dýrin eru mjög með lífið í og hjá okkur er alltaf mikið . Sjálfri finnst mér að vera komin aftur á æskustöðvarnar. koma oft gestir að sunnan og þeir oft í nokkra daga. Þannig að ég er sjaldan einmana. Það þurfti að gera dálítið mikið fyrir þetta gamla hús og smíða hænsnakofa. En fólk á Hvammstanga er hjálpsamt og það er aldrei erfitt að fá eða aðra iðnaðarmenn. Ég auðvitað alltaf handa þeim mínar víðfrægu pönnukökur.

Maximum marks: 21

13 Hvaða orð lýsir best fólki sem segir eftirfarandi setningar? Þú mátt aðeins nota hvert orð einu sinni.

 Help

kvíðið.

neikvætt.

feimið.

ánægt.

óákveðið.

veikt.

kurteist.

„Ég þoli ekki þetta helvítis veður á Íslandi alltaf hreint.“

Fólkið er

„Ég veit ekki hvort ég eigi að halda áfram í námi eða fara að vinna.“

Fólkið er

„Ég þori ekki að spyrja Magnús hvort hann vilji koma með mér í bíó.“

Fólkið er

„Fyrirgefðu, geturðu sagt mér hvað klukkan er?“

Fólkið er

„Mér gengur ábyggilega hræðilega illa á prófinu á morgun. Mér líður svo illa.“

Fólkið er

„Ég er í frábæru starfi og vinnufélagarnir eru vinalegir.“

Fólkið er

„Ég er svo slöpp í dag, ég er með hita og hálsbólgu.“

Fólkið er

Maximum marks: 4